

Hér eru dæmi um svör við spurningunum.

1. Þú ert mikilvægasti einstaklingurinn í sögunni. Ekki stefna lífi þínu í voða með því að rjúka yfir götuna án þess að kanna fyrst hvort þér er óhætt.
2. **a)** Kalt vatn og hættan á ofkælingu; sterkir straumar í vatninu; illgresi sem auðvelt er að flækjast í; kviksyndi eða leðja; sleipir steinar sem erfitt er að fóta sig á; blaut föt verða mjög þung þegar þau blotna og erfitt er að synda í blautum fötum; skítugt vatn sem getur farið ofan í lungu.

b) Reyna að kasta línu út til mannsins; leggjast niður og rétta prik út til mannsins; kalla eftir aðstoð; hvetja manninn til að reyna synda að bakkanum; biðja nærstadda að aðstoða við björgunina; fara úr hlífðarfötunum og skóm áður en farið er út í vatnið; bíða eftir aðstoð í stað þess að fara út í vatnið.
3. **a)** Raflost ef þú snertir bróður þinn, snúruna eða lampann.

b) Rjúfa strauminn; ef það er ekki hægt að rjúfa straum, standa á þurru einangrandi efni, s.s. plasti, upprúlluðu dagblaði eða bók, nota svo viðarprik, t.d. eins og úr sópi, til að ýta bróður þínum frá snúrunni eða snúrunni frá honum.
4. **a)** Aðrir vegfarendur og ökumenn; eldur; hætta á sprengingu; glerbrot á veginum; snerting við ætandi efni; snerting við heita gufur; snerting við oddhvassa hluti; óstöðugur ljósastaur; eiturgufur.

b) Ekki æða út á veginn; sjá til þess að viðvörunarþríhyrningur sé settur upp í nægjanlegri fjarlægð frá veginum; vara aðvífandi umferð við með því að vísa henni frá vegkantinum; drepa á bílnum; vara sig á glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum úr braki bílsins; fá viðstadda til að tryggja öryggi á slysstað; ekki reyna að koma nærri vettvangi slyss ef grunur er um eiturefnamengun; hringja á aðstoð.
5. **a)** Blaut gólf geta verið hál; raflost; bruni af völdu heitrar gufu eða vatns.

b) Taka ketilinn úr sambandi; þurrka bleytuna upp af gólfinu; róa ömmuna með því að ræða við hana; ekki snerta ketilinn.
6. **a)** Bleyta á gólfinu; glerbrot á gólfinu

b) Ekki æða inn heldur kanna fyrst hvort að glerbrot séu á gólfinu; fara í skó; sópa saman glerbrotum; forðast að stíga í bleytu á gólfinu.